



Jóladagur í Guðríðarkirkju

Forspil

Signing og upphafsbæn

Allir: Í nafni Guðs + föður, sonar og heilags anda. Amen.

Prestur: Hjálp vor kemur frá Drottni. Svar: Skapara himins og jarðar

Allir: Drottinn, ég er kominn í þitt heilaga hús til að lofa þig og ákalla og til að heyra, hvað þú, Guð faðir, skapari minn, þú, Drottinn Jesús, frelsari minn, þú, heilagi andi, huggari minn, vilt við mig tala í þínu orði. Drottinn, heyr þú lofgjörð mína og bæn og opna þú með þínum heilaga anda hjarta mitt fyrir sakir Jesú Krists, að ég fyrir þitt orð iðrist synda minna, trúi á Jesú í lífi og dauða og taki framförum í kristilegu hugarfari og líferni. Bænheyr það, ó Guð, fyrir Jesú Krist. Amen.

Sálmur 39a

Introitus

Prestur: Barn er oss fætt, sonur er oss gefinn

Kór: Á hans herðum skal höfðingjadómurinn hvíla.

Prestur: Hann skal heita hinn undrunarlegi, ráðgjafi, hinn máttugi Guð.

Kór: Faðir eilífðarinnar, friðarhöfðingi.

Prestur: Syngið Drottni nýjan söng.

Kór: Því dásamlega hluti hefur hann gjört.

Miskunnarbæn

Guð, faðir í himnaríki, miskunna þú oss.

Guðs sonur og lausnari heimsins, miskunna þú oss.

Drottinn Guð heilagur andi, miskunna þú oss.

Gloria in excelsis

(Söfnuður stendur)

Prestur: Dýrð sé Guði í upphæðum

Kór: Dýrð sé Guði í upphæðum, friður á jörðu og velþóknun yfir mönnunum! Vér lofum þig, vér göfgum þig, vér dýrkum þig, vér tignum þig; þakkir gjörum við þér sakir mikillar dýrðar þinnar; Drottinn Guð, himneski konungur, almáttugi faðir! Ó, Drottinn Jesús Kristur, þú eingetni sonur, ó, Drottinn Guð, lamb Guðs, sonur föðurins þú, sem burtu ber heimsins synd: Miskunna þú oss! Því þú einn ert heilagur, þú einn ert Drottinn, þú einn, ó, Kristur, með heilögum anda ert hæst í dýrð Guðs föður! Amen

(söfnuður sest)

Kollekta

Prestur: Drottinn sé með yður.

Kór: Og með þínum anda.

Prestur les kollektuna sem endar á orðunum um aldir alda . Svar: Amen

Ritningarlestrar

Fyrri ritningarlestur lesinn og endar á orðunum: Þannig hljóðar hið heilaga orð.

Svar: Guði sé þakkargjörð.

Síðari ritningarlesturinn lesinn og endar á orðunum: Þannig hljóðar hið heilaga orð.

Svar: Dýrð sé þér Drottinn.

Sálmur 46

Guðspjall og trúarjátning

(Söfnuður stendur)

Prestur: Guðspjallið skrifar guðspjallamaðurinn.....

Kór: Guði sé lof og dýrð fyrir sinn gleðilegan boðskap.

Prestur les guðspjallið, sem endar á orðunum:

Þannig hljóðar hið heilaga guðspjall. Svar: Lof sé þér Kristur.

(Söfnuður sest eftir trúarjátninguna)

Sálmur 42

Predikun

Sálmur 30

Almenn kirkjubæn og faðir vor

Prestur les bænir og hver hluti bænarinnar endar á orðunum: fyrir Jesú Krist, Drottinn vorn

Svar: Drottinn heyr vora bæn

Heilagur

Heilagur, heilagur, heilagur ert þú, Drottinn Guð allsherjar! Heilagur, heilagur, heilagur ert þú ,

Drottinn Guð allsherjar! Himnarnir og heimarnir eru fullir af þinni dýrð.

Hallelúja! Hallelúja! Hallelúja!

Blessun

(Söfnuður stendur)

Prestur: Drottinn sé með yður

Kór: og með þínum anda.

Prestur: Drottinn blessi þig og varðveiti þig. Drottinn láti sína ásjónu lýsa yfir þig og sé þér náðugur. Drottinn upplyfti sínu augliti yfir þig og gefi þér frið.

Kór: Amen

Sálmur 35

Eftirspil

